

# Draugasagan





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



# Draugasagan

ISBN 978-9979-0-2533-7

© 2013 texti: Gerður Kristný Guðjónsdóttir

CC BY-NC-ND 2013 myndir: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2013

önnur prentun 2018

Menntamálastofnun


Reykjavík

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Gerður Kristný

# DRAUGASAGAN



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir  
teiknaði myndirnar



MENNTAMÁLASTOFNUN

Dag nokkurn berst Tinna  
og Einari póstkort  
með ljósmynd af Snæfellsjökli.  
Það er frá Trausta, vini þeirra,  
sem býr í næsta húsi.  
Hann hefur verið í ferðalagi  
með mæðrum sínum, Ásu og Birnu.

Halló kær vinir!  
Ég var að koma úr  
siglingu um Breiða-  
fjörð. Það var gaman  
það skemmtilegasta  
hefur þó verið að  
sofa í tjaldi. Nú ætla  
ég í sund. Ég bið  
að heilsa Xu!  
Kveðja Trausti og  
mömmurnar hans.

Tinna og Einar  
Gerðarstig 4  
Reykjavík








Tinna og Einar hlakka mikið  
til að hitta Trausta aftur  
og heyra af ævintýrum hans.

Systkinin verða því fjarska glöð  
þegar þau vakna einn morguninn  
og sjá að bíllinn þeirra Ásu og Birnu  
stendur við húsið þeirra.

Fjölskyldan er loksins komin aftur!  
Þau hringja óðara til Xu og segja  
honum fréttirnar.

Xu hefur líka verið að bíða eftir Trausta  
og þýtur þegar af stað yfir til þeirra.  
Því næst hlaupa þau öll þrjú Einar,  
Tinna og Xu til Trausta.



Birna og Ása eru að tjalda í garðinum  
og Trausti hjálpar til með því  
að rétta þeim tjaldhæla og stangir.  
– Af hverju eruð þið að tjalda?  
syr Xu forvitinn.  
– Við lentum í svo mikilli rigningu  
í útilegunni. Nú þarf að þurrka tjaldið  
og þá er best að leyfa því að standa  
úti undir beru lofti, útskýrir Ása.

Hvers vegna voru mömmur Trausta að tjalda í garðinum?



Pótt tjaldið sé blautt að utan  
er það skraufpurrt að innan.  
Krakkarnir skríða inn  
og láta fara vel um sig.

– Mikið væri gaman að fá að fara  
í tjaldútilegu eins og þú,  
segir Tinna og dæsir.

– Það er mjög skemmtilegt,  
segir Trausti. Við sofnuðum út  
frá vindgnauði og vöknuðum  
við jarm og fuglasöng.





Þá fær Trausti hugmynd.

Hann stingur höfðinu út

um tjaldopið og spyr:

– Mamma Ása, megum við gista

í tjaldinu eina nótt?


Ása lítur spyrjandi á Tinnu,

Xu og Einar:

– Langar ykkur það? segir hún svo.

– Hvort okkur langar! segir Tinna.


– Þá megið þið það. Ef þið verðið hrædd komið þið bara inn til okkar, segir Birna en Xu hristir höfuðið hneykslaður.



Við verðum ekki hrædd við neitt.







Foreldrar Tinnu og Einars  
leyfa þeim alveg að gista  
í tjaldinu og lána þeim  
tjalddýnur og svefnpoka.

Foreldrar Xu gefa honum líka  
grænt ljós og sjá krökkunum  
fyrir vasaluktum.



– Það er farið að dimma á kvöldin  
svo það er betra að hafa ljós.

Síðan komið þið aftur inn  
ef ykkur líst ekki á blikuna,  
segir pabbi Xu en Einar svarar:

– Þetta verður allt í lagi. Við erum  
engin smábörn!

Krakkarnir bjóða foreldrum sínum  
góða nótt og skottast út í garðinn  
til Trausta.

Ágústkvaldið færir yfir  
og rökkrið gleypir garðinn.  
Krakkarnir heyra bíl ekið eftir götunni  
og einhvern hrópa á hundinn sinn.

Þegar þögnin leggst yfir hverfið  
kveikir Tinna á vasaljósinu  
og lætur geislann leika um  
tjaldhimininn. Síðan lýsir hún  
undir hökuna á sér og gerir sig  
óhuggulega í framan.





– Nú ætla ég að segja ykkur draugasögu, hvíslar hún. Strákarnir láta sig síga lengra ofan í svefnpokana og bíða spenntir eftir að sagan hefjist.

Af hverju létu strákarnir sig síga ofan í pokann?



– Það var einu sinni stelpa  
sem þurfti að vera alein heima.  
Þetta var á dimmu vetrarkvöldi  
og vindurinn gnauðaði.

Skyndilega var barið á dyrnar.  
Stelpan fíkraði sig að útidyrnum  
og ætlaði að opna en þá fór  
rafmagnið allt í einu af húsinu.





Tinna slekkur á vasaljósinu  
svo það er alveg jafndimmt inni  
í tjaldinu og í sögunni hennar.  
– Kveiktu ljósið aftur! biður Einar.  
Tinna lætur til leiðast  
og heldur áfram með frásögnina:

– Aftur var bankað á dyrnar  
og nú enn hærra en áður.

Trausti sest upp: – Ég ætla að fara inn  
að fá mér að drekka.  
Má ég taka vasaljósið með mér?  
Tinna lætur það eftir honum  
og litlu síðar sitja þau Einar  
og Xu þrjú eftir.



– Hver var að banka hjá  
stelpunni í sögunni?  
spyr Xu og röddin skelfur eilítið.  
Það er varla að Tinna þori sjálf  
að halda áfram með söguna sína  
en hún lætur sig nú samt hafa það.

– Stelpan opnaði dyrnar ofurvarlega.  
Fyrir utan stóð: ENGINN!  
Dauðapögn ríkti í hverfinu  
og ekki nokkur á ferli.






Allt í einu leikur vindhviða um tjaldið og rykkir í súlurnar.

– Ég ætla inn að sækja Trausta. Kannski gómaði draugur hann, segir Xu og skýst út úr tjaldinu.


– Best ég fari á eftir honum svo hann týnist ekki eins og Trausti, segir Einar. Þar með er hann líka horfinn.





Skuggar skríða yfir tjaldhimininn.  
Líklegast eru þetta bara greinarnar  
á reynitrénu í garðinum  
en þetta gæti líka verið  
risastór krumla.

Af hverju ætli strákarnir séu  
svona lengi? hugsar Tinna með sér.  
Nú er vont að hafa ekki vasaljósið.





Tinna veltir því fyrir sér hvernig sagan hennar ætti að enda. Þetta gæti verið draugur sem bankar upp á hjá stelpunni en ef draugur getur komist inn til hennar gæti hann líka birst hér í tjaldinu!



Tinna rýkur upp úr svefnpokanum  
og hleypur út sem fætur toga.  
Henni finnst einhver elta sig  
en þorir ekki að líta við.  
Hún hendist inn í forstofuna  
heima hjá Trausta  
og rýkur inn í eldhús.  
Þar sitja Trausti og Einar og Xu  
með þeim Ásu og Birnu.



Af hverju ætli Tinna  
þori ekki að líta við?

- Jæja, þá eruð þið öll flúin inn!  
segir Birna hlæjandi.
- Ég var búin að bíða svo lengi  
eftir strákunum, segir Tinna.
- Draugasagan þín var svo hræðileg  
að við ætlum að gista inni í nótt,  
segir Trausti.
- Þá það, segir Tinna og er  
satt best að segja sjálf dauðfegin.

Af hverju ætli Tinna hafi líka verið fegin?



Nú fær Birna hugmynd:

– Hvað segið þið um að við förum öll saman í útilegu næsta sumar? spyr hún.

– Það væri frábært! segir Xu.

– Við gætum farið til Þingvalla.

Þar er fallegt, stingur Tinna upp á og Trausta langar að sýna systkinunum Snæfellsnes.





– Það er nægur tími til að ákveða hvert við förum en nú skulum við hjálpast að við að búa um ykkur í herberginu hans Trausta, segir Ása.

Litlu síðar eru vinirnir fjórir aftur skriðnir ofan í svefnpokana sína en að þessu sinni inni í hlýjunni. Skuggarnir úti fyrir verða aftur kunnuglegir og vindgnauðið vinalegt.



Krakkarnir eru lúnir eftir viðburðaríkt kvöld en eitt er það þó sem Einar verður að fá að vita áður en hann sofnar:  
– Tinna, viltu halda áfram með draugasöguna þína?  
Ég þarf að vera viss um að allt fari vel hjá stelpunni sem var skilin eftir ein heima.

Xu og Trausti eru alveg sammála:  
– Já, ég þori alveg að hlusta þegar ég veit af mömmum mínum í næsta herbergi.  
Tinna lætur hugann reika.

Hvernig er nú best að enda draugasöguna?






– Allt í einu heyrði stelpan kallað:  
Halló!

Hún opnaði dyrnar ofurvarlega.  
Fyrir utan stóð engin önnur en  
amma hennar.

– Mamma þín hringdi í mig  
og sagði mér að rafmagnið færi  
stundum af hjá ykkur.  
Hún bað mig að koma og líta á málið,  
segir amman.

Hver var fyrir utan í sögunni hennar Tinnu?



Í sama mund og Tinna ætlar að láta stelpuna faðma ömmu sína að sér sér hún að strákarnir eru sofnaðir. Hún kúrir sig niður í svefnpokanum og innan skamms er hún sjálf steinsofnuð. Hana dreymir appelsínugulan tjaldhimin og heyrir jarm í fjarska.

Hvað dreymdi Tinnu?



## Til kennara og foreldra!

*Draugasagan* er sjálfstætt framhald af bókunum *Vinir Afríku*, *Græni gaukurinn* og *Drekadansinn* sem fjalla allar um systkinin Einar og Tinnu og vini þeirra. Þær eru í Smábókaflokki Menntamálastofnunar. Leitast er við að höfða til ólíkra áhugasviða barna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu.




Á vefsíðunni *Íslenska fyrir yngsta stig – vefefni* eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir og verkefni til að prenta út.

Nokkrir gagnvirkir vefir fylgja einnig bókunum: *Lesum og skoðum orð – Smábækur*, *Smábókaskapurinn* og *Orðaleikir*.

Áður en lestur hefst ættu nemendur að skoða bókina, ræða um hana og kynna sér

- hver er höfundur hennar
- hver hefur teiknað myndirnar
- hvað bókin heitir, þ.e. titill
- um hvað hún fjallar

Einnig ættu nemendur að skoða vel myndirnar og gera sér í hugarlund hvað gerist í sögunni, hvar hún fer fram, hver atburðarásin er, hvaða persónur sjást á myndunum o.s.frv. Minnst nemendur þess að hafa lesið bók um sömu krakka?



Myndaspjöld til að æfa munnlega og skriflega tjáningu.



# Draugasagan

Tinna, Einar og Xu ætla að gista  
í tjaldi í garðinum hjá Trausta  
vini sínum og mömmum hans.

En ýmislegt fer öðruvísi  
en ætlað er.

Lestu um það  
í nýrri bók  
um Tinnu,  
Einar og vini þeirra.



Smábækur Menntamálastofnunar  
eru ætlaðar börnum sem eru að æfa lestur.  
Á vefsíðu stofnunarinnar má finna verkefni með sögunni.

Höfundur texta er Gerður Kristný.  
Myndir teiknaði Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40274